

235. fundur

Endurrit fundargerðar hreppsnefndar Reykhólahrepps 14. apríl 2005

Fundurinn hófst kl. 15:10. Mættir Egill Sigurgeirsson varaoddviti, Björk Bárðardóttir, Einar T. Kristinsson, Guðmundur Ólafsson auk sveitarstjóra er reit fundargerð. Bjarki Stefán Jónsson hafði boðað seinkun.

Varaoddviti bauð menn velkomna og las upp dagskrá.

Sveitarstjóri óskaði eftir að fundurinn tæki fyrir fjögur mál undir liðnum “önnur mál.” Samþykkt.

Var nú gengið til dagskrár:

A. Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð 234. fundar hreppsnefndar. Engar athugasemdir. Bjarki Stefán Jónsson kom inn á fundinn kl. 15:25
- 2) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 17. mars 2005. Egill vakti athygli á að fram kæmi í fundargerðinni að byggingarfulltrúi hefði greint frá því, að í maímánuði myndi hann fara út í Flatey með Magnúsi Skúlasyni formanni Húsafríðunarnefndar ríkisins, þar sem þeir myndu fara yfir stöðu gömlu byggðarinnar í Flatey. Æskilegt væri að fulltrúi sveitarstjórnar yrði með í för. Oddvita og sveitarstjóra falið að ganga í málið og vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu í því sambandi.
- 3) Fundargerðir umhverfis- og náttúruverndarnefndar frá 18. mars og 13. apríl. Engar athugasemdir. Ákveðið þó að ræða 4. lið fundargerðar frá 13. apríl undir 2. lið undir “önnur mál.” Fundargerð samþykkt að öðru leyti.
- 4) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 14. apríl. Fundinum hafði verið frestað.

B. Mál til afgreiðslu.

- 1) Boð um að Reykhólahreppur gerist stofnaðili að háskólasetri á Vestfjörðum. Erindinu hafnað.
- 2) Erindi frá Alnæmissamtökunum (styrkbeiðni). Erindinu hafnað.
- 3) Tilboð frá Gámaþjónustu Vesturlands í ruslagám í Skálmardal. Samþykkt að hafa gám í Skálmardal til reynslu sumarið 2005 frá 10. júní til 10. ágúst. Afla þarf leyfis landeiganda.
- 4) Svarbréf Orkubús Vestfjarða varðandi hugsanleg kaup Reykhólahrepps á Hitaveitu Reykhóla. Fram kemur í svarinu að stjórn Orkubúsins hafi ekki í hyggju að selja hitaveituna á Reykhólum. Eftirfarandi ályktun var samþykkt:

Samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Samorku er Hitaveita Reykhóla með hæstu gjaldskrá allra hitaveitna á Íslandi. Hreppsnefnd Reykhólahrepps óskar eftir því við Orkubúið að þessi gjaldskrá verði lækkuð til samræmis við aðrar hitaveitur á landinu íbúum svæðisins til hagsbóta og til styrkingar byggð.

- 5) Hótel Bjarkalundur ehf, beiðni um framlengingu vínveitingaleyfis. Fyrir liggja jákvæðar umsagnir sýslumanns og heilbrigðiseftirlits. Framlenging samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum. Guðmundur Ólafsson sat hjá.
- 6) Ársreikningur Reykhólahrepps 2004, fyrri umræða. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstarreikningi A og B hluta er jákvæð um 6,0 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 5,5 milljóna króna neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi A og B-hluta nam 240,0 milljónum kr. en eigið fé A-hluta 226,9 milljónum króna.

Samkvæmt niðurstöðu endurskoðunarskýrslu sýnir ársreikningur Reykhólahrepps og fyrirtækja hans fyrir árið 2004 að fjárhagsstaðan í árslok 2004 er töluvert betri en fjárhagsáætlun fyrir það ár gerði ráð fyrir. Sérstaklega eru peningalegar eignir hærri. Þannig var gert ráð fyrir að handbært fé yrði 5 milljónir króna í árslok 2004 en reyndin varð 29 milljónir króna.

Fram kemur einnig að þrátt fyrir nokkra skuldahækkun á síðastliðnu ári sé fjárhagsstaða hreppsins viðunandi.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til síðari umræðu.

- 7) Þriggja ára fjárhagsáætlun – minnisblað sveitarstjóra. Vinna stendur yfir við gerð lögboðinnar þriggja ára áætlunar. Rætt var um væntanlegar fjárfestingar árið 2006-2008 sem m.a. snúa að hlut sveitarfélagsins í hafnarbótum við Reykhólahöfn. Drög að áætlun verða lögð fyrir næsta fund hreppsnefndar.
- 8) Lokatillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga, tilnefning tveggja fulltrúa í samstarfsnefnd. Oddviti og sveitarstjóri tilnefndir.
- 9) Framkvæmdaleyfi til vegagerðar um Laxá og Naðurdalsá í Króksfirði, beiðni frá Vegagerðinni og umsögn Umhverfisstofnunar. Sveitarstjóri hafði gefið út leyfið 11. apríl að höfðu samráði við hreppsnefnd. Fundarmenn staðfestu þá afgreiðslu.
- 10) “Orkuveita Flateyjar”, lagning vatns og rafmagns til Flateyjar á Breiðafirði frá Brjánslæk á Barðaströnd. Erindi frá Kristni Nikulássyni. Kristinn vill að Reykhólahreppur leyfi byggð á þeim svæðum sem ætluð eru sumarhúsum á eyinni, enda þurfi svona stór framkvæmd á aukinni byggð í Flatey að halda til að standa undir sér.

Vinna stendur yfir á vegum Reykhólahrepps varðandi málefni Flateyjar. Á meðan á þeirri vinnu stendur hefur sveitarfélagið ekki tók á að úthluta lóðum á eyinni.

- 11) Svæðisskipulag Dalasýslu og Reykhólahrepps 1992-2012, breyting lögð fram til afgreiðslu. Sveitarstjórn bendir á að eftirfarandi þarf að leiðrétta:
3.1 Talað er um Gufudal. Á að vera Fremri-Gufudal.
3.7 Talað er um 10 ha. svæði í landi Sauðafells. Á væntanlega að vera í landi Svínhóls.
3.8 Talað er um 20 ha. svæði í landi Kjarlaksstaða. Á væntanlega að vera í landi Snóksdals.

Samþykkt að öðru leyti.

- 12) Erindi frá Málfríði Vilbergsdóttur fyrrv. oddvita. Óskar endanlegrar lausnar úr hreppsnefnd að loknu ársleyfi. Samþykkt að verða við beiðninni og Málfríði þökkun vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins.
- 13) Skólaakstur 2005-2007, framlenging eða útböð. Minnisblað sveitarstjóra. Samþykkt að óska framlengingar á gildandi samningum við núverandi verktaka.
- 14) 17. júní hátíðahöld 2005. Samþykkt að leita til ungmennafélagsins Aftureldingar í ár.
- 15) Salernisaðstaða í Reykhólahreppi, erindi frá Ferðamálafélagi Dalasýslu og Reykhólahrepps. Sveitarstjórn er hvött til að setja upp salernisaðstöðu fyrir ferðamenn á leiðinni Bjarkalundur-Flókalundur þar sem þessari þjónustu sé ábótavant. Sveitarstjóra falið að kanna kostnað og reyna að afla styrkja til úrbóta á þessu svæði.

C. Mál til kynningar:

- 1) Rísarækjueldi á Reykhólum, minnisblað sveitarstjóra. Lagt fram til kynningar.
- 2) Endurmati á störfum lokið í samræmi við starfsmat Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambandsins, tilkynning frá skrifstofustjóra Reykhólahrepps. Lagt fram til kynningar.
- 3) Fornleifauppgroftur á Grettislaug á Reykhólum, lýsing Guðrúnar Öldu Gísladóttur fornleifafræðings á fyrirhuguðum uppgrefti. Verkefnið hefur þegar fengið styrk frá fjárlaganefnd Alþingis að upphæð kr. 1.000.000,-. Hreppsnefnd lýsir yfir ánægju sinni með þennan fyrirhugaða uppgroft og óskar eftir samstarfi með frágang laugarinnar að rannsókn lokinni.
- 4) “Ídolstjörnur” á Reykhólum, tónlistardagskrá á sumardaginn fyrsta. Egill stakk upp á að haft verði frítt í sund eftir tónleikana og var það samþykkt.
- 5) Lausar stöður á Reykhólum, auglýsing Reykhólahrepps. Umsóknarfrestur er til 1. maí en nokkrar umsóknir hafa borist nú þegar.
- 6) Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. apríl 2005. Reykhólahreppur var sýknaður af skaðabótakröfu vegna slyss í hver á Reykhólum 1996, minnisblað sveitarstjóra. Lagt fram til kynningar.
- 7) Límtré-Vírnet ehf, uppgjör verðbóta vegna byggingar íþróttahúss á Reykhólum. Hreppsnefnd er ánægð með niðurstöðuna.
- 8) Reykhólar í Reykhólasveit, eftirlit með efnasamsetningu vatns hjá Hitaveitu Reykhóla árin 2002 og 2004 (skýrsla frá ÍSOR). Lögð fram til kynningar.
- 9) Endurheimt votlendis í Reykhólahreppi, bréf frá landbúnaðarráðuneytinu. Lagt fram til kynningar.
- 10) Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2004 (lögð fram til kynningar).
- 11) Heimsókn skólabarna frá Kulusuk til Reykhóla í maí 2005 og heimsókn sveitarstjóra og skólastjóra Reykhólahrepps til Kulusuk sömuleiðis í maí 2005. Verið er að stofna til vinabæjartengsla.
- 12) Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 4. mars 2005.

- 13) Tilkynning frá jöfnunarsjóði um þátttöku sjóðsins við kaldavatnsveitu út í Karlsey árið 2005. Framlag sjóðsins er 4,3 milljónir króna.
- 14) Kostnaðarþátttaka Skipulagssjóðs í gerð aðalskipulags fyrir Reykhólahrepp. Tilkynning frá Skipulagsstofnun. Framlag Skipulagssjóðs verður kr. 3.000.000,-

D. Önnur mál:

- 1) Varnargirðing sauðfjárveikivarna (girðing frá Þorskafirði í Steingrímsfjörð). Erindi frá Sauðfjárræktarfélagi Reykhólahrepps og einnig frá Búnaðarfélagi Reykhólahrepps. Enn fremur ályktun héraðsnefndar Strandasýslu um búfjársjúkdóma og varnargirðingar. Hreppsnefnd tekur undir áhyggjur bréfitara af hugmyndum um að leggja varnarlínu í Þorskafirði niður og felur sveitarstjóra að koma þessum erindum á framfæri við stjórnvöld.
- 2) Hugsanleg eyðilegging birkiskógar í Teigsskógi og Hallsteinsnesshlíð í Gufudalssveit ef veglína B verður valin sem nýtt vegstæði Vestfjarðavegar nr. 60 í Gufudalssveit. Erindi frá Þorvaldi Steinssyni og Gunnlaugi Péturssyni. Enn fremur 4. liður fundargerðar umhverfis- og náttúruverndarnefndar frá 13. apríl 2005.

Hreppsnefnd bíður útkomu matsskýrslu um umhverfisáhrif þessarar vegagerðar en hvetur alla áhugasama til þess að fara á vettvang og skoða Teigsskóg og Hallsteinsnesshlíð.

- 3) Tilkynning um eigendaskipti að jörðinni Bakka í Reykhólahreppi. Lögð fram til kynningar.
- 4) Erindi frá einstaklingi utan sveitar sem óskar eftir að hreppsnefnd fjalli um erindi sitt á lokuðum fundi. Samþykkt að loka fundi.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 21:15

Egill Sigurgeirsson (sign)

Einar T. Krisinsson (sign)

Björk Bárðardóttir (sign)

Guðmundur Ólafsson (sign)

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)